

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1162 Eldisstöðin Íspór hf.	Nesbraut 25 815 Þorlákshöfn	Sverrir Valdemarsson Stöðvarstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Eftirfylgniskoðun	6.9.2024	2.10.2024	10	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 7 skoðunatriða af 18. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 1 skoðunatriði, þar af 0 Alvarleg frávik og 1 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik

Frávik

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Vigdís Sigurðardóttir og Jónína Guðmundsdóttir, fóru í eftirfylgni eftirlit í eldisstöðina Íspór þann 6. september 2024. Gengið var um stöðina og skoðaðar úrbætur sem gerðar hafa verið í kjölfar frávika sem skráð voru í síðusta eftirliti. Ristar á gólfi hafa verið lagfærðar og hæfa þær nú stærð seiða og búið er að fjarlægja fiska úr frárennsli stöðvarinnar.

Óskað var eftir gögnum frá eftirlitsþega með tölvupósti vegna eftirfylgni eftirlitsins. Gögnin bárust og voru yfirfarin.

Öll frávik nema eitt hafa verið lögðuð en ekki hefur verið sýnt fram á að nýliðar fái þjálfun í þeim atriðum sem talin eru upp í lið 5.1.2. í skýrslu þessari. Þetta atriði verður skoðað í næsta reglubundna eftirliti.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Eldisstöðin Íspór hf.
Nesbraut 25
815 Þorjákshöfn
Staða: Í gildi
Kennitala: 6605090380

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Sigurður Örn Jakobsson	8633342	sigurdur@isthor.is	Stöðvarstjóri
Sverrir Rafn Valdemarsson	6558525	sverrir@isthor.is	Stöðvarstjóri

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 12.03.2024

Frávik

Gögn hafa borist og hafa verið yfirfarin af Matvælastofnun í eftirfylgni eftirliti.

Ekki var sýnt fram á að nýliðar fái eftirfarandi þjálfun við upphaf starfs:

- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á vörnum gegn stroki; helstu ástæður og hvernig má koma í veg fyrir strok
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á viðbrögðum við stroki
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á meðhöndlun eiturefna þegar við á
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á verlagsreglum, viðbragðsáætlunum og því innra eftirliti sem viðkemur starfssviði starfsmanns

Eftirfarandi atriði bærust ekki vegna eftirlits:

Þjálfunarskrá starfsmanna Íspórs:

- Þjálfunarskrá til staðar fyrir hvern starfsmann.
- Skrá og áætlun um fræðslu/þjálfun starfsmanna.
- Tilgreint hvaða þjálfun starfsmaður hefur lokið.
- Allir starfsmenn skulu a.m.k. fá eftirfarandi þjálfun:
 - a) að hindra strok og virkja viðbragðsáætlun
 - b) að lágmarka umhverfisáhrif
 - c) að tryggja velferð dýra
- Staðfest þátttaka starfsmanna á árlegum fundi um innihald gæðahandbókar þar sem breytingar eru kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafa verið.

Nýliðþjálfun starfsmanna Íspórs:

- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á vörnum gegn stroki; helstu ástæður og hvernig má koma í veg fyrir strok
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á viðbrögðum við stroki
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á meðhöndlun eiturefna þegar við á
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á verlagsreglum, viðbragðsáætlunum og því innra eftirliti sem viðkemur starfssviði starfsmanns

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og lagfærð frá síðustu skoðun

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Jónína Guðmundsdóttir
jonina.gudmundsdottir@mast.is
Séfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikið það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftrifylgniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis